

fulltrúa hver félagsdeild má senda á fund með fullu umboði, fer eftir tölu félagsmanna í deildinni, svo sem samþykktir félagsins nánar ákveða. Heimilt er þó að ákveða, til þess að tryggja viðskipti félagsdeilda við félag, að fulltrúatalan fari jafnframt eftir heildarvöruskiptum deildanna við félagið.

2. gr.

Fyrri málsgr. 31. gr. laganna orðist þannig:

Æðsta vald í sambandsmálum er í höndum fulltrúafunda. Fulltrúar eru kosnir af félögum þeim, sem eru í sambandinu, og fer tala þeirra, er hvert félag má senda á sambandsfund, eftir tölu félagsmanna. Heimilt er þó að ákveða, til þess að tryggja viðskipti félaga við samband, að fulltrúatalan fari jafnframt eftir heildarvöruskiptum félaganna við sambandið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Skúli Guðmundsson.

L Ö G

um löggilta niðurjöfnunarmenn sjóttjóns.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að löggilda menn til að annast niðurjöfnun sjóttjóns, ef þeir fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.

2. gr.

Þessi eru skilyrði þau, er getur í 1. gr.:

1. Löggiltur niðurjöfnunarmaður sjóttjóns skal hafa íslenzkan ríkisborgararétt, fasta búsetu hér í landinu, vera fullra 25 ára, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð.
2. Hann skal hafa tekið embættispróf í lögum við Háskóla Íslands.
3. Hann skal hafa aflað sér fræðilegrar sérþekkingar á sjórétti og sjóvátryggingarrétti við erlendan háskóla eigi skemur en eitt ár.
4. Hann skal leggja fram skilríki fyrir því, að hann hafi starfað að niðurjöfnun sjóttjóns hjá innlendum eða erlendum löggiltum niðurjöfnunarmanni sjóttjóns eigi skemur en í eitt ár.

- 74 5. Hann má ekki reka atvinnu, er ráðherra telur ósamrýmanlega þessu starfi, svo
11. júní sem skipamiðlun, eða veita forstöðu skipa- eða váttryggingarfélögum.

3. gr.

Löggiltur niðurjöfnunarmaður sjótjóns skal undirrita drengskaparheit um að vinna verk sitt eftir beztu vitund og þekkingu, og yfirleitt inna skyldur sínar sem niðurjöfnunarmaður sjótjóns samvirkusamlega af hendi.

4. gr.

Niðurjöfnun löggilts niðurjöfnunarmanns jafngildir niðurjöfnun þeirra tveggja dómkvaddra manna, er getur í 8. kap. siglingalaganna.

Löggiltum niðurjöfnunarmanni sjótjóns er heimilt að gefa upplýsingar til afnota í dómsmálum um niðurjöfnun sjótjóns og um önnur atriði, sem falla undir starfsvið hans. Fer um sönnunargildi þessara yfirlýsinga sem um skýrslur opinberra embættismanna.

5. gr.

Löggiltir niðurjöfnunarmenn sjótjóns skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot sem opinberir sýslunarmenn.

6. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur tiltekið nánar í reglugerð um verksvið, störf og þóknun niðurjöfnunarmanna sjótjóns.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Skúli Guðmundsson.

75

11. júní

L Ö G

um veiting ríkisborgararéttar.

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

Bertelsen, Andreas Jess, kaupmaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.

Eide, Hans, kaupmaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.

Haarde, Tomas, stöðvarverkstjóri í Reykjavík, fæddur í Noregi.

Halblaub, Ágúst, vélstjóranemi í Reykjavík, fæddur í Þýskalandi.